

Yfirlit yfir störf Loftslagsráðs 4. starfsár 2021-2022

Dags. 30. júní 2022

Fulltrúar og fundir ráðsins

[Fimmtán fulltrúar](#) sitja í Loftslagsráði og urðu fjórar breytingar á skipan fulltrúa á starfsárinu 2021-2022. Sævar Helgi Bragason fulltrúi Neytendasamtakanna vék úr ráðinu í ágúst 2021 og Brynhildur Pétursdóttir skipuð í hans stað. Unnsteinn Snorri Snorrason fulltrúi Bændasamtakanna vék úr ráðinu í febrúar 2022 og Valur Klemensson var skipaður í hans stað. Á sama tíma kom Hlynur Gauti Sigurðsson inn sem varafulltrúi samtakanna í stað Halldóru Kristínar Hauksdóttur. Sveinn Margeirsson, annar fulltrúa Samtaka íslenskra sveitarfélaga, vék úr ráðinu í maí 2022 og var Smári Jónas Lúðvíksson skipaður í hans stað. Sigurður Loftur Thorlacius fulltrúi ungs fólks, sem ráðherra skipar, vék úr ráðinu í júní 2022 og var Tinna Hallgrímsdóttir skipuð í hans stað.

Haldnir voru 15 fundir í Loftslagsráði á starfsárinu, ýmist sem fjarfundir vegna Covid eða staðfundir, frá september til júní 2022. Starfsárið hófst með vinnufundi 19. ágúst þar sem áherslur starfsársins voru mótaðar og helstu viðfangsefni ákveðin. Prófessor Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir hélt í upphafi vinnufundarins kynningu á niðurstöðum nýútkominnar matskýrslu IPCC (vinnuhóps 1) sem hún tók þátt í að móta.

Gestum var boðið til fundar við Loftslagsráð í tengslum við áherslur og málefni viðkomandi ráðuneyta og stofnana, þ.m.t. umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og sérfræðingum ráðuneytisins, matvælaráðherra, fulltrúum í Vísindanefnd um loftslagsmál, Orkumálastjóra og sérfræðingum Umhverfisstofnunar, Orkustofnunar og Veðurstofunnar.

Skrifstofa Loftslagsráðs og upplýsingamiðlun

Gengið var til samstarfs við Umhverfisstofnun (UST) um vistun skrifstofu Loftslagsráðs sem fram að því hafði verið til húsa í Þjónustumiðstöð stjórnarráðsins (Umbru) Skuggasundi 3. Skrifstofan flutti í höfuðstöðvar UST að Suðurlandsbraut 24 í apríl 2022. Þar hefur ráðið tvær starfsstöðvar sem verkefnastjóri og formaður nýta og aðgang að fundaðstöðu.

Eitt af lögbundnum hlutverkum Loftslagsráðs er að hafa yfirsýn yfir miðlun fræðslu og upplýsinga um loftslagsmál. Skrifstofa Loftslagsráðs með aðstoð Birnu Hallsdóttur tók saman yfirlit yfir stöðuna; hvað stofnanir ríkisins eru að gera í fræðslu og miðlun um loftslagsmál og þau fræðslu- og miðlunarverkefni sem Loftslagsráðið hefur stutt við.

Vefur Loftslagsráðs gegnir lykilhlutverki í miðlun upplýsinga ráðsins. áhersla er á gagnsæi og er þar birt allt útgefið efni ráðsins, fundargerðir, álit og greinargerðir, auk þess sem þar er gerð grein fyrir ýmsu sem tengist loftslagsmálum á alþjóða vettvangi og innanlands. Reglulega eru sendar út fréttir og eru tæplega 600 áskrifendur að Efst á baugi sem sent var út sex sinnum á starfsárinu. Samfélagsmiðlarnir Facebook, LinkedIn og Twitter eru einnig nýttir í miðlun, auk Vimeo sem geymir video-efni ráðsins.

Guðný Káradóttir verkefnastjóri Loftslagsráðs lét af störfum í lok júní 2022.

Áherslur og viðfangsefni 2021-2022

Starfsáætlun var samþykkt í upphafi starfsárs út frá niðurstöðum vinnufundar og umræðu í ráðinu en viðfangsefni ráðsins eru endurskoðuð reglulega m.t.t. þess sem er að gerast á sviði loftslagsmála á alþjóðlegum og innlendum vettvangi.

Hnattræn staða og horfur

Alþjóðasamvinna í loftslagsmálum hafði mikil áhrif á starf ráðsins á starfsárinu og miðlun þess. Þar bar hæst mikilvægt Aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP26), sem haldið var í Glasgow í nóvember, og lok sex ára vinnu IPCC að allsherjarmati á stöðu og horfum í loftslagsmálum sem lagt var fyrir aðildarríki IPCC í þremur áföngum (í ágúst 2021 (matsskýrsla vinnuhóps 1) og á vormánuðum 2022 (matsskýrslur vinnuhópa 2 og 3)).

Loftslagsráð beitti sér fyrir upplýstri umræðu um loftslagsvána og miðlun af alþjóðlegum vettvangi þar sem fjallað er um vandann, viðbrögð og lausnir. Þrír viðtalsþættir voru gerðir í tilefni af COP26. Formaður ráðsins fór til Glasgow og ræddi Gunnar Dofri Ólafsson við hann í þessum þáttum.

1. [Loftslagsvandinn og væntingar til COP26](#)
2. [Framgangur viðræðna á COP26](#)
3. [Helstu niðurstöður samningaviðræðna á COP26 og þýðing þeirra](#)

Þrjár matsskýrslur IPCC, Milliríkjanefndar S. þj. um loftslagsmál, komu út á tímabilinu ágúst 2021 til apríl 2022. Skýrslurnar voru ræddar í ráðinu og í tilefni af útkomu þeirra voru gerðir þrír viðtalsþættir um eðli IPCC, mikilvægi þeirra og þýðingu fyrir Ísland.

1. [Hvað er IPCC? Hvers vegna eru matsskýrslur IPCC mikilvægar?](#)
2. [Afleiðingar loftslagsbreytinga og aðgerðir sem grípa þarf til](#)
3. [Hver er staðan? Er verið að gera nóg? Um mótvægisáðgerðir](#)

Í fyrsta IPCC þættinum ræddi Gunnar Dofri Ólafsson við Halldór Þorgeirsson formann Loftslagsráðs, í öðrum þættinum við Halldór Björnsson, formann Vísindanefndar um loftslagsmál, og í þeim þriðja við Brynhildi Davíðsdóttur varaformann Loftslagsráðs, prófessor við Háskóla Íslands og fulltrúa Íslands á þingi IPCC þar sem matsskýrsla vinnuhóps 3 var tekin til samþykktar.

Rýni á aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Í desember 2021 birti Loftslagsráð [rýni á stöðuskýrslu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum](#) og í júní 2022 álit í tilefni af viðvörun IPCC undir yfirskriftinni [Loftslagsaðgerðir ekki í samræmi við viðvaranir IPCC](#).

Losun gróðurhúsalofttegunda frá landi

[Losun gróðurhúsalofttegunda frá landi](#) er yfirskrift samantektar á rannsóknum, vöktun og losunarbókhaldi Íslands sem unnin var af VSÓ í samstarfi við Loftslagsráð. Tilgangur verkefnisins var að varpa ljósi á hvernig rannsóknir og vöktun á losun frá landi hérlendis mæta alþjóðlegum kröfum um losunarbókhald. Einnig var skoðað hvernig sveigjanleikaákvæði í reglugerðum ESB nýtast hérlendis og hvaða atriði þarf helst að taka afstöðu til í nýju regluverki hér á landi varðandi losun frá landi. Samantektin kom út í desember 2021.

Opinber fjármál og loftslagsmál

[Opinber fjármál og loftslagsmál](#) er yfirskrift greinargerðar um þá bætti ríkisfjármálanna sem hafa sérstaka þýðingu fyrir loftslagsmál. Hún var gefin út í júní 2022. Tilgangurinn er að stuðla að gagnsæi varðandi kostnað og tekjur ríkissjóðs sem tengjast loftslagsmálum. Vinnan miðaði fyrst og fremst að því að kortleggja og ná yfirsýn yfir þá bætti ríkisfjármálanna sem hafa sérstaka þýðingu fyrir málaflokkinn, þ.m.t. kolefnisgjald, og tekjur af uppboði losunarheimilda innan viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Einnig að afla upplýsinga um stefnumörkun og eftirfylgni varðandi útgjöld ríkisins til loftslagsmála eins og þær birtast í opinberum gögnum. Í tengslum við þessa vinnu var tekið saman [minnisblað um uppboðstekjur losunarheimilda](#) sem lagt var fyrir 51. fund ráðsins 24. mars 2022.

Millilandasamgöngur

Ákveðið var að fjalla sérstaklega um losun gróðurhúsalofttegunda í millilandasamgöngum. Teknar voru saman helstu upplýsingar sem tengjast skuldbindingum og breytingum á regluverki í alþjóðaflugi og millilandasiglingum og var sú samantekt grundvöllur umræðna í ráðinu.

Haldinn var fundur með fulltrúum og varafulltrúum þar sem rýnt var í alþjóðalega samninga og skuldbindingar Íslands þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda frá millilandasamgöngum, flugi og siglingum, hvernig ferlið er í innleiðingu gerða frá ESB og setningu reglugerða, hvað er framundan – breytingar á ETS kerfinu – og hvað þetta allt þýðir fyrir starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja í siglingum og flugi.

Loftslagsráð bauð hogaðilum og sérfræðingum á þessu sviði til viðburðar undir merkjum Samtals og sóknar í loftslagsmálum þann 14. mars 2022. Markmiðið var að varpa ljósi á stöðu Íslands, sóknarfæri og raunhæfar leiðir til að ná markmiðum um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá millilandasamgöngum (flugi og siglingum) og vörður á vegferð í átt að kolefnishlutleysi. [Streymt var frá samtalinu](#) og birt umfjöllun á vef ráðsins.

Tveir erlendir fyrirlesarar fluttu erindi og síðan voru panelumræður. Bo Cerup-Simonsen yfirmaður Mærsk Mc-Kinney Møller Center for Zero Carbon Shipping fjallaði um kolefnishlutleysi í alþjóða siglingum og Laurent Donceel yfirmaður sjálfbærni og loftslagsstefnu hjá Airlines for Europe (A4E) fjallaði um alþjóðaflug með áherslu á samstarf innan Evrópu í verkefninu Destination 2050.

Innlend samvinna

Loftslagsráð hefur einsett sér að stuðla að auknu samstarfi og samstöðu árangursríkar aðgerðir og að eiga samstarf við gerendur og hogaðila, ríki, sveitarfélög vísindasamfélagið, atvinnulífið og almenning. Samvinna af ýmsu tagi er því hluti af viðfangsefnum ráðsins s.s. þátttaka í umræðu og aðild að verkefnum og viðburðum.

Formaður Loftslagsráðs tók þátt í þremur [upplýsingafundum loftslagsverkfallsins](#) sem haldnir voru af Ungum umhverfissinum frá ágúst og fram í október 2021. Rætt var um röskun mannkyns á kolefnishringrás jarðar, kolefnishlutleysi og að skapa nýja framtíð.

Auk þessara viðburða tók Loftslagsráð þátt í fjölda funda, einkum þar sem formaður hélt erindi, stýrði umræðum eða tók þátt í pallborðsumræðum.

- Norrænn fundur á COP26 - Two Global Crises Interlinked
- Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar

- Mannréttindi og réttlæti á tímum loftslagsbreytinga, fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar og Mannréttindastofnunar HÍ
- Málstofa Vísindanefndar 22. febrúar
- Umhverfissráðstefna Gallup
- Hátíðarræða á Hrafnseyri 17. júní

Erlend samvinna

Loftslagsráð gerðist á starfsárinu stofnaðili að [alþjóðlegu neti loftslagsráða, ICCN](#) (International Climate Councils Network) sem stofnað formlega á fundi í Glasgow á COP26 þann 1. nóvember 2021. ICCN sendi leiðtogum heims yfirlýsingu þennan dag og hvatti þá til að standa þétt við markmið Parísarsamningsins og til þess að stofna loftslagsráð hver í sínu landi. Formaður Loftslagsráðs afhenti Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra yfirlýsingunni samdægurs í Glasgow.

Þetta samstarfsnet er hið fyrsta sinnar tegundar þar sem saman koma loftslagsráð sem hafa það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf og aðhald í loftslagsmálum. Ráðin í ICCN eru frá öllum heimshornum, m.a. frá Ástralíu, Chile, Kosta Ríka, Kanada, Bretlandi, Frakklandi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Írlandi, Mexíkó og Suður Afríku. Í [nýlegri úttekt](#) kemur fram að við réttar aðstæður geta slík ráð hjálpað stjórnvöldum ekki aðeins við að taka réttar ákvarðanir í loftslagsmálum heldur einnig að draga þau til ábyrgðar með því að efla gagnsæi og meta árangur stefnubreytingar aðgerða.

Aðalfundur ICCN árið 2022 var haldinn 27. og 28. apríl í fjarfundi. [Nýr vefur ICCN](#) var svo opnaður í lok maí. Loftslagsráð mun taka virkan þátt í starfi ICCN og hefur tekið að sér að leiða málefnavinnu um millilandasamgöngur innan ICCN á komandi starfsári.

Reykjavík 30. júní 2022
Guðný Káradóttir, verkefnastjóri